

Garðabær
Garðatorgi 7
210 GARÐABÆ

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	18.03.20
Málalykill	00.48
Mál nr.	2003322



Kópavogi, 16. mars 2020.

Efni: Styrktarsjóður EBÍ 2020.

Styrktarsjóður EBÍ var stofnaður árið 1996 og er tilgangur sjóðsins að styrkja með fjárframlögum sérstakar athuganir eða rannsóknir á ýmsum þróunarpáttum í atvinnulífi, samgöngum, fræðslu- og menningarmálum í aðildarsveitarfélögum. Mörg ólík verkefni hafa verið styrkt, en sammerkt er með þeim að þau teljast ekki til almenns rekstrar sveitarfélagsins heldur er hér yfirleitt um að ræða sérstök framfaraverkefni í þágu byggðarlaganna.

Einungis aðildarsveitarfélögum EBÍ er heimilt að senda inn umsókn í sjóðinn og hvert sveitarfélag getur aðeins sent inn eina umsókn. Umsóknum skal skilað á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem er að finna á heimasíðu EBÍ; www.brunabot.is undir liðnum „Styrktarsjóður“. Til úthlutunar eru 5 milljónir króna og er umsóknarfrestur til aprílloka.

Vil ég vekja sérstaka athygli á því í reglum úthlutunarsjóðs er kveðið á um að sveitarfélag geti að öllu jöfnu ekki fengið úthlutað styrk tvö ár í röð sbr. þriðju málsgrein í 3. gr. og í 8. gr. er hnykkð á skilaskyldu greinargerðar um framgang verkefnisins.

Bréf þetta er skrifað til kynningar á málinu og er sveitarfélaginu hér með boðið að senda inn umsókn um stuðning við verkefni sem fellur undir reglur sjóðsins sem hægt er að nálgast á heimasíðu félagsins.

Að gefnu tilefni vil ég ítreka að umsóknir skulu vera vegna **sérstakra framfaraverkefna** á vegum sveitarfélaganna en ekki vegna almennra rekstrarverkefna þeirra, og skal skilað á sérstöku **umsóknareyðublaði**.

Allar frekari upplýsingar viðvíkjandi styrktarsjóðinn gefa undirrituð og Anna Sigurðardóttir, á skrifstofu félagsins. Umsóknir skulu sendar rafrænt á netfangið brunabot@brunabot.is, ef það er ekki mögulegt er hægt að senda þær á Styrktarsjóð EBÍ, Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi.

Með bestu kveðju

Eignarhaldsfélagið
BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS

Sigrún Sveinbjörnsdóttir
Sigrún Sveinbjörnsdóttir.
Fulltrúi